



## Fundur í sveitarstjórn

**81. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, miðvikudaginn 9. maí 2018 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Oddný Kristjánsdóttir, Reynir Atli Jónsson, Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Steinunn Leósdóttir tók sæti Siggeirs Stefánssonar undir lið 18.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir nýjum lið á dagskrá, *Nýbygging leikskóla – opnun útboðs*, sem verði númer 20. Númer annarra liða breytast í samræmi við það.

Samþykkt samhljóða.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

- 1) Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. apríl 2018
- 2) Fundargerð 402. fundar Hafnarsambands Íslands, dags. 19. mars 2018
- 3) Fundargerð 403. fundar Hafnarsambands Íslands, dags. 23. apríl 2018
- 4) Fundargerð 305. fundar stjórnar Eyþings, dags. dags. 2. maí 2018
- 5) Fundargerð 33. fundar fræðslunefndar, dags. 12. desember 2017
- 6) Fundargerð 34. fundar fræðslunefndar, dags. 16. apríl 2018
- 7) Fundargerð 14. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 2. maí 2018
  - a) Liður 3. Breytingar á eldra húsi
- 8) Fundargerð 15. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 3. maí 2018
- 9) Fundargerð 10. fundar velferðarnefndar, dags. 3. maí 2018
- 10) Fundargerð 34. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. maí 2018
- 11) Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar
- 12) Eyrarvegur 1 - veiðafærageymsla
- 13) Samanburður á götuljósgeymum
- 14) Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra 2017
- 15) Ályktun aðalfundar Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, 6.-8. apríl 2018
- 16) Bréf Marinós Jóhannssonar til sveitarstjórnar o.fl., dags. 28. apríl 2018
- 17) Gönguleiðir á Þórshöfn
- 18) Umsögn vegna umsóknar um aflamark Byggðastofnunar



- 19) Listamannadvöl á Þórshöfn
- 20) Nýbygging leikskóla – opnun útboðs
- 21) Ársreikningar 2017 – síðari umræða
- 22) Skýrsla sveitarstjóra

## Fundargerð

### 1. Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. apríl 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 2. Fundargerð 402. fundar Hafnarsambands Íslands, dags. 19. mars 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 3. Fundargerð 403. fundar Hafnarsambands Íslands, dags. 23. apríl 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 4. Fundargerð 305. fundar stjórnar Eypings, dags. dags. 2. maí 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 5. Fundargerð 33. fundar fræðslunefndar, dags. 12. desember 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 6. Fundargerð 34. fundar fræðslunefndar, dags. 16. apríl 2018

Fundargerðin lögð fram.

### 7. Fundargerð 14. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 2. maí 2018

Fundargerðin lögð fram.

#### Liður 3. Breytingar á eldra húsi

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir drög að teikningum vegna breytinga á 1. hæð Nausts, dags. 26. mars 2018. Rekstrarstjórn leggur til að hafnar verði framkvæmdir við breytingar á grunni framlagðra teikninga.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

### 8. Fundargerð 15. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 3. maí 2018

Fundargerðin lögð fram.



## 9. Fundargerð 10. fundar velferðarnefndar, dags. 3. maí 2018

Fundargerðin lögð fram.

## 10. Fundargerð 34. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. maí 2018

Fundargerðin lögð fram.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir sem lýsti sig vanhæfa vegna 2. liðar í fundargerð. Samþykkt.

Halldóra vék af fundi.

Liður 2. Beiðni um heimild til viðbyggingar við Austurveg 12

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar Samþykkt samhljóða.

Halldóra tók sæti að nýju á fundinum.

## 11. Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar

Sveitarstjóri lagi fram að nýju drög að húsnæðisáætlun og fór yfir nefndarfundi sem haldnir hafa verið og umræður þar. Haldnir hafa verið fundir í atvinnu- og ferðamálanefnd, velferðarnefnd og umhverfis- og skipulagsnefnd eins og sjá má í fundargerðum sem fram voru lagðar undir fyrri liðum. Á fundum nefnda hefur m.a. komið fram að málið sé stórt og viðamikilið með marga snertifleti við byggð og samfélag. Einnig hefur á fundum komið fram vilji nefndarmanna til að haldið verði íbúáþing hvar drögin verði rædd og tengd mál. Sveitarstjóri tekur undir þá hugmynd nefndanna.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að efna til íbúáþings um húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Íbúáþing verði haldið svo fljótt sem verða má eftir sveitarstjórnarkosningar.

Samþykkt samhljóða.

## 12. Eyrarvegur 1 – veiðafærageymsla

Sveitarstjóri tók til máls og gerði grein fyrir tillögu þess efnis að fagaðilar verði fengnir til að meta ástand hússins að Eyrarvegi 1 og að gerð verði gróf áætlun um hugsanlegan kostnað við að endurnýja húsið með það að markmiði að koma þar fyrir aðstöðu til listsköpunar og mögulegrar tímabundinnar búsetu listamanna. Horft verði til þess að húsið nýtist í fjölbreyttri listsköpun og menningarstarfsemi.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að láta ástandsmeta húsið að Eyrarvegi 1 ásamt og að láta vinna frumtillögu að fyrirkomulagi hússins og kostnaðaráætlun byggða á ástandsskoðun og frumtillögu.



Samþykkt samhljóða.

### 13. Samanburður á götuljósgröfum

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir framlagða frumgreiningu á fýsileika þess að sveitarfélagið skipti út núverandi götulýsingu fyrir svokallaða Led lýsingu. Niðurstöður benda mjög til þess að umtalsverð hagkvæmni felist í að skipta út núverandi lýsingu.

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir sveitarstjórn kostnaðargreinda og tímasetta áætlun um útskiptingu lýsingar á götum og stígum, einnig er sveitarstjóra falið að setja sig í samband við Vegagerðina og kanna vilja hennar til þátttöku í verkefninu

Samþykkt samhljóða.

### 14. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra 2017

Lagðir fram.

### 15. Ályktun aðalfundar Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, 6.-8. apríl 2018

Lögð fram.

### 16. Bréf Marinós Jóhannssonar til sveitarstjórnar o.fl., dags. 28. apríl 2018

Lagt fram.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

### 17. Gönguleiðir í Langesbyggð

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir afstöðuteikningu af göngustígum við Sunnuveg og stigtengingum þaðan á tjaldstæði og við Lækjarveg og Hálsveg á Þórshöfn. Einnig fór sveitarstjóri yfir mögulegan göngustíg við Hafnargötu á Bakkafirði.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að vinna verkið áfram á grunni framlagðrar afstöðuteikningar og í samræmi við fjárhagsáætlun. Einnig er sveitarstjóra falið að leita til Vegagerðarinnar um aðkomu hennar að stígagerð á Bakkafirði, enda er um að ræða þjóðveg í þéttbýli að ræða.

Samþykkt samhljóða.

### 18. Umsögn vegna umsóknar um aflamark Byggðastofnunar

Siggeir Stefánsson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls og vék hann af fundi.



Samþykkt.

Steinunn Leósdóttir tók sæti undir þessum lið.

Sveitarstjóri lagði fram drög að umbeðinni umsögn varðandi úthlutun Byggðastofnunar á aflaheimildum (sértækum byggðakvóta).

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson veitti andsvar, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson.

Halldóra Jóhanna óskaði eftir fundarhléi kl. 17:43. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:57.

**Bókun um afgreiðslu:** Framlögð umsögn samþykkt og sveitarstjóra falið að koma henni á framfæri við Byggðastofnun.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Steinunn Leósdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir sátu hjá.

Siggeir tók sæti að nýju og Steinunn vék af fundi.

## 19. Listamannadvöl á Þórshöfn

Erindi frá Hildi Henrysdóttur listamanni frá Þórshöfn, dags. 12. apríl 2018, lagt fram. Í erindinu kemur fram ósk um að sveitarfélagið bjóði listamönnum upp á að dvelja og starfa á Þórshöfn í 2-4 vikur. Óskað er eftir rými til gistingar í húsnæði á vegum sveitarfélagsins og rými til listsköpunar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn er jákvæð fyrir erindinu og felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara og skoða hvort ekki sé hægt að verða við óskum hans.

Samþykkt samhljóða.

## 20. Leikskóli nýbygging – opnun útboðs

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað ásamt minnispunktum lögfræðings sveitarfélagsins og kynnti. Þann 20. apríl sl. var haldinn opnunarfundur vegna útboðs í nýbyggingu leikskólans á Þórshöfn, engin tilboð bárust.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir, Elías Pétursson veitti andsvar. Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar. Siggeir lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-listans: Óskað er eftir því að tillaga að nýjum samningi verði lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að leita leiða til að koma verkefninu áfram, á grunni tillagna sem fram koma í framlögðu minnisblaði.

Samþykkt samhljóða.



## 22. Ársreikningar 2017 – síðari umræða

Til máls tók Elías Pétursson og fór yfir lykiltölur í ársreikningi 2017. Framlagður ársreikningur hefur að geyma ársreikninga fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru félagslegar íbúðir, fráveita, vatnsveita, hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur A og B hluta 863,0 m.kr. samanborið við 814,7 m.kr. á árinu 2016. Hækkun milli ára nemur því um 5,9%. Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 2017 687,0 m.kr., en voru 686,5 m.kr. á árinu 2016, eða því sem næst sama upphæð og árið á undan. Rekstrarniðurstaða samstæðu er því jákvæð um 90,6 m.kr. fyrir A og B hluta, en var 41,1 m.kr. árið 2016. Rekstrarniðurstaða A hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) vegna 2017 er jákvæð um 155,2 m.kr. (23% af skatttekjum), en var 106,6 m.kr. 2016. Árið 2017 er annað árið í röð sem rekstur A-hluta Langanesbyggðar er jákvæður. Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) vegna ársins 2017 nam 176,1 m.kr. eða 20,4% af tekjum, en fyrir árið 2016 var hún 128,1 m.kr.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam veltufé frá rekstri 149,4 m.kr. samanborið við 104,5 m.kr. 2016 og 72 m.kr. á árinu 2015. Skuldaviðmið A og B hluta Langanesbyggðar var í árslok 2017 70%, en var 85% í árslok 2016. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 má skuldaviðmið ekki vera hærra en 150%.

Oddviti tók fundarhlé kl.17:19.

Oddviti setti fund kl. 17:21.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Ársreikningur 2017 samþykktur samhljóða og undirritaður af viðstöddum sveitarstjórnarmönnum.

## 23. Skýrsla sveitarstjóra

Leikskóli nýbygging. Lokið er við að steypa sökkla og er nú verið að fylla inn í þá og hefja vinnu við lagnir. Einnig er verið að hefja vinnu við mótun lóðar austan við bílastæði, vonir standa til að hægt verði að sá í það svæði fyrir mánaðamót.

Íþróttamiðstöð. Framkvæmdum við stækkun þreksalar er að ljúka. Lokið er við lekavarnir og þéttingar í gamla matsalnum, málningarvinnu og uppsetningu á nýjum ljósum. Búið er að opna á milli rýma og lokið við að mála minni salinn. Eftir er að stilla upp tækjum að nýju og verður allri vinnu við salina lokið í næstu viku eins og áður sagði. Uppsetning á nýju kassakerfi hefur tafist af tæknilegum ástæðum hjá seljendum en nýtt kerfi ætti að koma



tilbúið til notkunar í næstu viku. Þá lýkur líka bráðlega vinnu við uppsetningu á aðgangsstýringarkerfi yfir þreksalinn í mánuðinum líka.

Heilsueflandi samfélag. Stýrihópur um heilsueflandi sveitarfélaga í Langanesbyggð, skipaður Ásdísi Hrönn Viðarsdóttur, Önnu Lilju Ómarsdóttur og Jónasi Egilssyni, kom saman til fyrsta fundar þriðjudaginn 8. maí sl. Stefnt er að öðrum fundi í byrjun júní nk. og þá verða lagðar fram áætlanir um kynningu og umfang verkefnisins í sveitarfélaginu. Stefnt er að heimsókn nýs landlæknis til Langanesbyggðar þriðjudaginn 12. júní nk. til að undirrita gagnkvæma viljayfirlýsingu við fulltrúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarkosningar. Tvö framboð skiluðu inn framboðslistum og gögnum til yfirkjörstjórnar sl. laugardag vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí nk. Þau eru L-listinn-Framtíðarlistinn og U-listinn. Framboðin hafa þegar verið kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bjargnytjar. Nytjum í björgum á vegum sveitarfélagsins hefur verið úthlutað, og niðurstöður umsóknanna verið birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Langanesvegur 2. Þann 16. apríl sl. var haldinn íbúafundur um framtíðaráform Langanesveggar 2. Á fundinum kynntu oddviti og sveitarstjóri hugmyndir sem fyrir liggja um nýtingu hússins. Fundurinn var vel sóttur og góðar umræður voru í kjölfar framsöguerinda. Staða verkefnisins nú er sú að unnið er að hönnun klæðningar, fundað hefur verið með áhugasömum aðilum vegna þeirra rýma sem hugmyndir eru uppi um að selja og hefur fasteignasali verið fenginn til að meta söluverð m.v. gefnar forsendur.

Finnafjarðarverkefnið. Vinnu við verkefnið hefur undið hratt fram undanfarna mánuði. Frá áramótum hefur verið unnið markvisst að samningagerð varðandi stofnun, stjórnun, eignarhald þeirra félaga sem ætlunin er að beri hitann og þungann af verkefninu og samstarf aðila til lengri tíma. Þá hefur einnig verið fundað með ráðuneytum varðandi stöðu málsins. Dagana 24. og 25. sl. funduðu fulltrúar og lögfræðingar sveitarfélaganna með samstarfsaðilum verkefnisins, þ.e. EFLU verkfræðistofu og bremenports. Fundirnir voru haldnir í Þýskalandi. Ljóst er að fundir voru mjög gagnlegir og margt skýrðist þar mjög vel. Framundan er fundir lögfræðinga aðila sem haldnir verða í Reykjavík, efni þeirra funda er að koma þeim sameiginlega skilningi sem náðist í Þýskalandi í texta í samningum. Þó grundvallaratriði verkefnisins, uppbygging þess og fyrirkomulag sé nú orðin skýrt þá eru ýmis mál eftir sem klára þarf. Við þá vinnu þarf að stíga hvert skref varlega og með hagsmuni samfélagsins hér á svæðinu að leiðarljósi.

Til máls tók Reynir Atli Jónsson og lagði fram svohljóðandi bókun: N- og L listar vilja koma á framfæri þökkum til sveitarstjóra Langanesbyggðar fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins. Teljum við að hann hafi unnið gott starf með hag sveitarfélagsins að leiðarljósi fyrst og fremst, þrátt fyrir erfiðar aðstæður í pólitísku landslagi þar sem oftast ekki hefur verið vegið að hans persónu og störfum á ósanngjarnan hátt. Ársreikningur 2017 og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins á kjörtímabilinu sýna svo ekki verður um villst



að sveitarfélagið stendur vel í lok kjörtímabils og á sveitarstjóri stóran þátt í því hversu vel hefur til tekist.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl.18:30. Samþykkt.

Oddviti setti fund kl. 18:32.

Oddviti þakkaði öllum sveitarstjórnarmönnum fyrir störf þeirra fyrir sveitarstjórn á kjörtímabilinu.

Siggeir Stefánsson þakkaði fyrir sig og sitt fólk og óskaði sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:44.